



Þátttakendur

Samstarfið er milli 15 landa þar af eru 13 lönd sem eru stuðningsþátttakendur og 5 lönd sem eru framkvæmdaðátttakendur.

Tengiliður

Aðstoðarmaður verkefnisins
BEST Institut für berufsbezogene
Weiterbildung und Personaltraining GmbH
Helmut Kronika
Mariahilfer Straße 8
A-1070 Wien

Tel: (+43) 01 / 585 50 50 - 0
Fax: (+43) 01 / 585 50 50 - 77
projekte@best-training.com

www.best-training.com

SOCRATES – GRUNDTVIG, 229813-CP-1-2006-1 -AT-GRUNDTVIG-G1PP. This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.




Socrates

How to Attract Participation and Increase Motivation of Young Male Language Learners



Þátttakendur:
Sjálfsbjargar landssambands fatlaóra, Reykjavík
kolbrun@sjalfsbjorg.is, www.sjalfsbjorg.is



Verkefni

Í öllum rannsóknum sem beinast að kynbundnum áhrifum í tungumálanámi fullorðinna er því haldið fram að misræmi sé á milli máltöku karla og kvenna og að yfirleitt stundi hærra hlutfall kvenna tungumálanám. Erlend mál eru næstalgengasta námssviðið þar sem konur eru í meirihluta á eftir heilbrigðisþjónustu og skyldum greinum, en hlutfallið á milli karla og kvenna í tungumálanámi er breytilegt.

Þar að auki er brottfall úr námi mikið algengara meðal karla en kvenna. Greining á ástæðum þess leiðir í ljós að karlmönnum þykja tungumálanámskeið ekki nægilega áhugaverð, jafnvel leiðinleg, og oft of mikið hugsuð út frá „kvennaviðfangsefnum“. Almennt séð virðist karlar sjálfkrafa tengja tungumálanám við kvenhlutverk.

Tungumálanám þykir ekki nægilega „svalt“, ekki síst meðal ungra karla, og leiðir sá misskilningur til hindrana sem birtast á nokkrum sviðum: minni þátttöku í þjóðfélaginu, minni aðgangi að upplýsingum og minni möguleikum á evrópskum vinnumarkaði.

Markmið

Heildarmarkmið verkefnisins er að gera þeim ungu karlmönnum, sem eru sérstaklega ómóttækilegir fyrir námi í erlendum tungumálum, kleift að öðlast „dálæti á tungumálum“ með því að auka áhuga á þeirra á erlendum málum og máltöku, sem og þátttöku þeirra fyrir lífstíð í þekkingarsamfélaginu.

Til þess að ná því markmiði verður einkum leitast við að:

- ◆ Þróa aðferðafræði málþjálfunar og hugtök með því að beita námsefni sem endurspeglar vilja og áhugasvið markhópsins, t.d. dæmigerð áhugamál á borð við knattspyrnu, bíla, tónlist o.s.frv., til þess að ýta undir þátttöku og áhuga á námi í erlendum tungumálum og koma í veg fyrir brottfall.
- ◆ Þróa námsefni og aðferðafræðitól sem taka mið af sérþörfum eftirfarandi markhópa: þeirra sem horfið hafa úr námi, ungra karla sem glíma við langtímaatvinnuleysi og félagslegra jaðarhópa.
- ◆ Tryggja fjölbreytni, ekki síst hvað varðar menningarlegan og félagslegan bakgrunn nemendanna, til þess að vinna bug á gjám milli greina og/eða öðrum menningarlegum mismuni.
- ◆ Nýta upplýsinga- og samskiptatækni sem hvatningu til frekara náms, ekki síst í erlendum tungumálum, þar sem nám í upplýsinga- og samskiptatækni þykir enn mun „svalara“ en tungumálanám meðal ungra karla.
- ◆ Kynna innihald verkefnisins og árangur með sýningu og útbreiðslu, meðal annars með evrópskum kynningarnámskeiðum í öllum aðildarríkjum ESB.